

# Fyrirtækjasamningur milli Neyðarlínunnar ohf. og neyðarvarða innan fyrirtækisins

## 1. gr. Kjarasamningar

Fyrirtækjapáttur þessi er gerður á grundvelli 5. kafla kjarasamninga milli Samtaka atvinnulífsins og VR og gildir fyrir þá sem eru í starfi neyðarvarða hjá Neyðarlínunni ohf.

## 2. gr. Markmið

Markmið samnings þessa er að skapa starfsumhverfi sem styður þá mikilvægu starfsemi sem fram fer hjá Neyðarlínunni og viðhalda og tryggja þróun í þekkingu og færni starfsfólks.

## 3. gr. Laun

Laun greiðast skv. launatöflum í viðauka 1.

Starfsaldurshækkunar skv. launatöflum eru:

1,5% eftir 6 og 12 mánuði í starfi

2,6% eftir 2, 3, 5, 7, 9, 11, 13 og 15 ár í starfi.

Aðstoðarvarðstjórar fá 3,05% hærri laun en neyðarverðir

Varðstjórar fá 5,35% hærri laun en aðstoðarvarðstjórar.

Að öðru leyti miðast launabreytingar við aðalkjarasamning VR og SA, og verða launatöflur uppfærðar og birtar starfsmönnum

Í launum hefur verið tekið tillit til nauðsynlegra samskipta á vaktaskiptum, undirbúnings og frágangs. Ekki er því greitt sérstaklega vegna samvistartíma á vaktaskiptum.

Starfsaldur miðast við starfstíma hjá Neyðarlínunni ohf. Hliðstæð störf, í t.d. slökkviliði og lögreglu má þó meta til allt að eins árs starfsreynslu að loknum reynslutíma.

Allir starfsmenn eru neyðarverðir. Nánari hlutverkalýsingar má finna í starfsmannahandbók.

Þegar starfsmenn hafa lokið þjálfun í svörun og fjarskiptum, staðist próf varðstjóra, og hlotið að lágmarki þriggja ára starfsreynslu taka þeir laun aðstoðarvarðstjóra.

Þeir sem hafa titilinn varðstjórar taka laun varðstjóra

## 4. gr. Vinnuskylda fyrir fullt starf

Vinnuskylda fyrir fullt starf eru 36,75 klst á viku, eða 5,25 klst. (36,75 klst/viku / 7 dagar/viku = 5,25 klst/dag) á hvern dag mánaðar. Vinna starfsmanns getur verið meiri eða minni en þessum stundarfjölda nemur eftir atvikum. Í skipulagi vakta skal þó alltaf skipuleggja fulla vinnu á starfsmenn. Nái starfsmaður ekki að skila fullu starfi á viðmiðunartímabilinu þá greiðast laun sem hlutastarf.

H.S.  
15

Vinnuskil undir fullri vinnuskyldu ættu að heyra til undantekninga, nema samkomulag sé um það fyrirfram. Greiðast laun þá sem um hlutastarf væri að ræða.

Fyrir vinnu umfram vinnuskyldu viðmiðunartímabils greiðist yfirvinna. Vinnuskylda er reiknuð með því að margfalda 5,25 klst. með fjölda daga innan viðmiðunartímabils.

#### 5. gr. Vaktavinna

Starfsmenn Neyðarlínunnar vinna á vöktum. Með vöktum er í samningi þessum átt við fyrirfram skilgreinda vinnutilhögun. Vakt skal eigi vera lengri en 12 klst. og eigi skemmri en fjórar klst. Hver vakt skal unnin í samfelldri heild.

Vaktir skulu að jafnaði ákveðnar fyrir einn mánuð í senn frá 16. degi mánaðar til og með 15. degi næsta mánaðar, og skal vaktskrá nýs tímabils liggja fyrir í síðasta lagi 4 vikum fyrir upphaf tímabils.

Mönnun vakta er breytileg eftir væntu álagi, og hefur hver hálf tími sína æskilegu mönnunartilgreiningu. Miðað er við að alltaf sé hægt að anna þeirri eftirspurn sem skapast í svörun þegar horft er á meðaltal (fjöldi mála margfaldað með meðaltals afgangi) að viðbættum 2 staðalfrávikum og svo margfaldað með þremur. Alltaf skal að lágmarki mánnað að þeirri skilgreiningu. Frávik frá þessu til fækkunar er þá undirmönnun, og þó að það eigi ekki að gerast þá þarf að gangast við því að það geti gerst, og komi þá til greiðsla samkvæmt nánari tilgreiningu í 7.gr.

#### 6. gr. Álag á dagvinnukaup

Álag á dagvinnukaup greiðist á eftirfarandi hátt

- 15% álag á tímabilinu kl 08:00 – 17:00 mánudaga til föstudaga
- 33% álag á tímabilinu kl 17:00 – 24:00 mánudaga til föstudaga
- 45% álag á tímabilinu kl. 00:00 – 08:00 mánudaga – föstudaga
- 55% álag á tímabilinu kl 17:00 á föstudegi – 08:00 á mánudegi

Tímakaup það sem liggur til grundvallar álagsútreikningum er fundið sem mánaðarlaun deilt með 159,27

Vinna á skírdag, annan í páskum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, annan í hvítasunnu og annan dag jóla greiðist með 55% álagi.

Vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, frídag verslunarmanna, aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag og gamlársgangur eftir kl. 12:00 greiðist með 90% álagi.

EKKI er greitt yfirvinnukaup og vaktaálag á sama klukkutímann. Stórhátíðarálag er reiknað fyrst, svo yfirvinnukaup, en þá þannig að ekki er greitt fyrir tilteknar klukkustundir, heldur hlutfall af heildar vinnu af hverri klukkustund. Samtölur tíma í hverjum álagsflokk fyrir sig lækka þá um sem nemur því hlutfalli vinnustunda (að meðtöldu orlofi) sem þá þegar er búið að reikna á yfirvinnukaupi.

H.S.  
15

## 7. gr. Undirmönnunarálag

Komi til þess að fyrirvaralítlum forföllum verði ekki mætt með útkalli afleysingamanns, þá getur vakthafandi varðstjóri að höfðu samráði við sína vaktfélaga ákveðið að keyra vaktina undirmannaða. Þannig verði greitt 55% álag vegna forfalla á þriggja manna vakt, 45% álag á 4 manna vakt, og 33% álag á 5 manna vakt.

## 8. gr. Neysluhlé

Neysluhlé skulu vera sem svarar 30 mín. fyrir 12 tíma vakt og skal starfsmaður hafa samráð við vaktstjórnanda um það hvenær það er tekið. Vegna sveigjanlegra neysluhléa greiðist yfirvinna sem nemur 30 mín. pr. hverja 12 klst. vakt og hlutfallslega fyrir styttri vaktir.

## 9. gr. Vetrafri vegna vinnu á helgidögum

Starfsmenn sem vinna vaktavinnu, vinna sér inn 12 vetrarfrídaga miðað við ársstarf (Hér er hver dagur talinn 8 tímar og eru þetta þá 96 vinnuskyldustundir m.v. fullt starf), fyrir helgi- og tyllidaga skv. 2.2. í aðalsamningi, sem falla á mánudag til föstudaga.

Vetrarfrídagar skulu veittir á tímabilinu frá 1. október til 1. maí. Innvinnsla vetrarfrídaga miðast við október til október.

Heimilt er að semja við starfsmann um að greiðsla komi í stað umræddra frídaga, 8 klst í dagvinnu fyrir hvern frídag miðað við fullt starf. Afleysingafólk fær vetrarfrídaga sem fallið hafa á starfstímabilið gerða upp við starfslok.

## 10. gr. Inn- og útstimplanir í stimpilklukku

Tímaskráning skv. stimpilklukku myndar grundvöll fyrir launagreiðslur. Starfsmönnum er skylt að hefja og ljúka vakt með notkun stimpilklukku.

## 11. gr. Laun í veikindum

Í veikindatívikum halda starfsmenn launum í samræmi við fyrirliggjandi vaktaskrá. Ef starfsmaður er ekki skráður á vaktaskrá skal miða greiðslur launa í veikindum við meðalvaktaskil síðustu sex mánuði og reikna meðalvaktaálag. Fyrirkomulag veikindatilkynninga og tilgreiningu veikindaréttinda er nánar útlistað í starfsmanna-handbók.

## 12. gr. Endurmenntun, starfsdagar og starfsþjálfun.

Starfsmenn skulu bæði við ráðningu og síðar sækja námskeið og þjálfun í samræmi við kröfur fyrirtækisins á hverjum tíma. Starfsmenn halda föstum launum á viðeigandi álagi á meðan slík endurmenntun og þjálfun fer fram.

Starfsmenn geta sótt um styrki til annarrar endurmenntunar, enda fylgi umsókn, rökstuðningur fyrir gagnsemi og sundurliðun umsóttu stuðnings.

H.S.  
S.

### 13. gr. Einkennis og hlífðarföt

Starfsmönnum er séð fyrir einkennisfatnaði þeim að kostnaðarlausu. Það er á ábyrgð starfsmanna að halda þeim hreinum og ganga eftir endurnýjun þegar þess er þörf. Neyðarverðir skulu nota einkennisfatnað í störfum sínum.

### 14. gr. Ferðir til og frá vinnustað

Neyðarlínan greiðir kostnað af ferðum til og frá vinnustað á þeim tíma sem strætisvagnar ganga ekki, t.d. vegna leigubíla. Eins greiðir Neyðarlínan sem nemur 25 km í aksturspening skv gjaldskrá ferðakostnaðarnefndar ríkisins hverju sinni, vegna ferðakostnaðar við að mæta í útkall, sé útkall ekki í samfellu við skipulagðan vinnutíma.

### 15. gr. Launatímabil

Mánaðarlaun eru greidd síðasta virka dag launamánaðar, álagsgreiðslur taki þó mið af því álagstímabili sem lauk 15. dag þess mánaðar.

### 16. gr. Fæðispeningar

Starfsmenn hafa aðgang að mótuneyti með niðurgreiddu fæði. Starfsmenn á vöktum sem falla utan þess tíma sem aðgengi er að mótuneytisþjónustu skulu fá greidda fæðispeninga. Skal upphæðin vera sú sama og innheimt er fyrir niðurgreidda matarskammta. Fjárhæð fæðispeninga skal birta með launatöflum.


### 17. gr. Líkamleg og andleg heilsa starfsmanna

Neyðarlínunni er umhugað um velferð starfsmanna sinna og vill stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Til að stuðla að því sem og vegna þess álags og streitu sem fylgir störfum neyðarvarða býður fyrirtæki starfsmönnum ýmislega þjónustu og styrki sem stuðla eiga að heilbrigðu lífi og draga úr áhrifum vinnutengds álags. Eru þessi úrræði nánar útlístuð í starfsmannahandbók.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2022.

Reykjavík, 27.09 2021

F.h. starfsmanna



F.h. Neyðarlínunnar ohf.



Vottar:


f.h. SA



f.h. VR



f.h. LSS



Viðauki 1. Launatöflur.

1. Janúar 2021

Grunnlaun vaktavinnumanna á mánuði frá janúar 2021 eru eftirfarandi:

	Neyðarverðir	Aðst.varðstjórar	Varðstjórar
Byrjunarlaun	413.848		
Eftir 6 mán.	419.125		
Eftir 1 ár	424.403		
Eftir 2 ár	435.275	450.206	
Eftir 3 ár	446.473	461.852	
Eftir 5 ár	458.008	473.848	498.559
Eftir 7 ár	469.888	486.203	511.656
Eftir 9 ár	482.125	498.930	525.145
Eftir 11 ár	494.728	512.037	539.040
Eftir 13 ár	507.710	525.539	553.351
Eftir 15 ár	521.081	539.445	568.091
Fæðispeningur	611		

1. Janúar 2022

Grunntala byrjunarlauna hækkar um 25 000 1. Janúar 2022, og er þá launatafla Neyðarvarða eftirfarandi:

	Neyðarverðir	Aðst.varðstjórar	Varðstjórar
Byrjunarlaun	438.848		
Eftir 6 mán.	445.431		
Eftir 1 ár	452.112		
Eftir 2 ár	463.867	478.015	
Eftir 3 ár	475.928	490.443	
Eftir 5 ár	488.302	503.195	530.116
Eftir 7 ár	500.998	516.278	543.899
Eftir 9 ár	514.024	529.701	558.040
Eftir 11 ár	527.388	543.473	572.549
Eftir 13 ár	541.100	557.604	587.436
Eftir 15 ár	555.169	572.102	602.709
Fæðispeningur	695		

*S.H.S.*